

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 99/98
frá 25. september 1998

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/98 frá 31. júlí 1998⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2087/97 frá 20. október 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2053/97 frá 20. október 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3220/90 um skilyrði fyrir notkun tiltekinna aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2543/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa⁽⁴⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. viðbæti við bókun 47 við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 292, 25.10.1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 287, 21.10.1997, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 347, 18.12.1997, bls. 24.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2087/97 og reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2053/97 og (EB) nr. 2543/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Rítarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik E. Gerner

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/98

1. VIÐBÆTI VIÐ BÓKUN 47, UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN, við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87):

„- **397 R 2087**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2087/97 frá 20. október 1997 (Stjtið. EB L 292, 25.10.1997, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90):

„- **397 R 2543**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2543/97 frá 15. desember 1997 (Stjtið. EB L 347, 18.12.1997, bls. 24).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 27. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90):

„- eins og henni var breytt með:

- **397 R 2053**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2053/97 frá 20. október 1997 (Stjtið. EB L 287, 21.10.1997, bls. 15).“